

## Svar

### **sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra við fyrirspurn frá Álfheiði Eymarsdóttur um umhverfisvænar veiðar.**

1. *Hefur ráðuneytið gert úttekt á hagkvæmni þess að auka hlut umhverfisvænni veiða en togveiða, svo sem strandveiða, krókaveiða og línuveiða, í ljósi þess að íbúar vestrænna þjóða kjósa af umhverfisverndarástæðum að kaupa annan fisk en togarafisk? Ef svo er, hverjar voru niðurstöður úttektarinnar?*

Í spurningunni felst að íbúar vestrænna þjóða kjósi að kaupa ekki togarafisk af umhverfisverndarástæðum. Mjög stór hluti bolfiskafla íslenskra skipa er veiddur af togurum og ekki verður séð að sölutregða á erlendum mörkuðum hafi staðið útflutningi á íslenskum sjávarafurðum fyrir þrifum. Þegar rætt er um umhverfisvænar veiðar þarf að hafa marga þætti í huga, svo sem kolefnisspor, áhrif á botndýraríki, sem er mismunandi eftir botngerð, áhrif kjörhæfni (stærðarvals) veiðarfæra á viðgang fiskstofna, meðafli sjávarspendýra og sjófugla svo eitthvað sé nefnt. Togveiðar sem geta haft neikvæð áhrif á botndýr eru taldar vistvænni hvað varðar meðafli sjávarspendýra og fugla en t.d. línuveiðar og netaveiðar. Mismunandi veiðarfæri hafa síðan ólík áhrif á stærðardreifingu fiskstofna, þ.e. hvaða stærð fiska hvert þeirra veiðir helst og síðan hafa sum náttúruverndarsamtök beitt sér gegn fiskveiðum á króka út frá dýraverndarsjónarmiðum. Allir þessir þættir ásamt fleiri koma til tals á alþjóðamörkuðum þegar rætt er um hversu vistvænar sjávarafurðir eru. Á vegum ráðuneytisins hefur ekki farið fram sérstök heildstæð úttekt á umhverfisáhrifum mismunandi veiðarfæra og hagkvæmni sem tekur yfir alla þá þætti sem að framan greinir sem og aðra umhverfisþætti og hagræna þætti sem máli gætu skipt í því samhengi. Ráðuneytinu er ekki kunnugt um að slík heildarúttekt hafi verið gerð annars staðar, en bendir á að vottunarfyrirtækin framkvæma athuganir sem þó eru oftast bundnar við veiðar á einum stofni.

2. *Hefur ráðuneytið gert úttekt á verðmun á fiski á mörkuðum erlendis eftir veiðarfærum og ef svo er, hverjar voru niðurstöðurnar?*

Ráðuneytið hefur ekki gert úttekt á verðmun á fiski á mörkuðum erlendis eftir veiðarfærum. Í opinberum útflutningsskýrslum er ekki að finna niðurbrot á afurðum eftir því úr hvaða veiðarfærum afli er. Því eru ekki fyrir hendi opinber gögn til að gera slíka rannsókn.

3. *Hefur ráðuneytið gert úttekt á efnahagslegum áhrifum strandveiða, krókaveiða og línuveiða á byggðir landsins og ef svo er, hverjar voru niðurstöðurnar?*

Ráðuneytið hefur staðið fyrir nokkrum úttektum undangenginn áratug. Nýjasta úttektin er frá mars 2018 en þá skilaði Sjávarútvegsmiðstöð Háskólans á Akureyri ráðuneytinu skýrslu um þróun strandveiða á tímabilinu 2009–2017 og framgang veiðanna árið 2017. Markmið skýrslunnar var m.a. að meta hvort veiðarnar hefðu náð þeim árangri sem lagt var upp með í upphafi. Skýrsluna er að finna á vef ráðuneytisins.<sup>1</sup>

<sup>1</sup> [www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=69568208-26df-11e8-9429-005056bc530c](http://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=69568208-26df-11e8-9429-005056bc530c)

Eldri úttektir eru eftirfarandi: Endurskoðun á framtíðarskipan byggðakvóta, „Lokaskýrsla starfshóps sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um endurskoðun á framtíðarskipan byggðakvóta“, júní 2017.<sup>2</sup> Úttekt Rannsóknamiðstöðvar Háskólans á Akureyri, „Skýrsla um ráðstöfun aflamagns sem dregið er frá heildarafla og áhrif þess á byggðafestu“, júlí 2017.<sup>3</sup> Að síðustu má nefna úttekt Háskólaseturs Vestfjarða frá janúar 2010, „Úttekt á framgangi og áhrifum strandveiðanna sumarið 2009“.<sup>4</sup>

Ráðuneytið hefur jafnframt kostað úttekt Hagstofu Íslands „Hagur veiða og vinnslu“ um árabíl. Þar koma fram mikilvægar upplýsingar um afkomu mismunandi útgerðarflokka og fiskvinnslu.

*4. Hefur farið fram faglegt mat á áhrifum frjálstra handfæraveiða á efnahag, byggðaðróun og vernd fiskstofna og ef svo er, hverjar voru niðurstöður matsins?*

Öllum veiðum á nytjastofnum á Íslandsmiðum er stjórnað miðað við ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar um heildarafla. Í því felst að engar veiðar eru frjálstar í þeim skilningi að afli sé ótakmarkaður. Handfæraveiðar hafa ekki frekar en aðrar veiðar verið frjálstar í áratugi. Ráðuneytið hefur ekki látið meta áhrif frjálstra handfæraveiða á efnahag, byggðaðróun og vernd fiskstofna.

---

<sup>2</sup> [www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=f13ff645-67da-11e7-941c-005056bc530c](http://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=f13ff645-67da-11e7-941c-005056bc530c)

<sup>3</sup> [www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=af2a6bf0-6880-11e7-9416-005056bc4d74](http://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=af2a6bf0-6880-11e7-9416-005056bc4d74)

<sup>4</sup> [www.stjornarradid.is/media/atvinnuvegaraduneyti-media/media/Skyrslur/skyrsla-Strandveidar\\_2009.pdf](http://www.stjornarradid.is/media/atvinnuvegaraduneyti-media/media/Skyrslur/skyrsla-Strandveidar_2009.pdf)